

Ed.

289. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Á eftir 7. lið 2. gr. laganna, komi nýr 8. liður, sem orðist svo:
8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.

2. gr.

8. liður 2. gr. laganna verði 9. liður og orðist svo:
Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á lögum um dýralækna að skipta Vestur-Húnaþingsumdæmi í tvennt og stofna sérstakt dýralæknisumdæmi fyrir Strandasýslu.

Dýralæknir fyrir Vestur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu situr nú á Hvammstanga. Þaðan eru miklar vegalengdir á ýmsa staði í Strandasýslu, eins og eftirgreindar tölur sýna:

Hvammstangi — Brú	40 km
Hvammstangi — Hólmavík	157 km
Hvammstangi — Árnes	253 km

Þessar miklu fjarlægðir segja hins vegar ekki söguna alla. Þessi leið er oft erfið yfirferðar. Vegur úr Bjarnarfirði norður í byggð Árneshrepps er seinfarinn og leiðin öll meira eða minna lokuð af snjóum mestan hluta vetrar. Af þessum ástæðum hefur reynslan sýnt, að dýralækni, sem situr á Hvammstanga, er nánast því útilokað að sinna miklum hluta Strandasýslu að minnsta kosti mikinn hluta ársins.

Þess skal getið, að um þetta mál hefur verið haft samráð við yfirdýralækni.